

Pure Sin hrein sínus bylgja og Mod Sin mótuð sínus bylgja

Til útskýringar þá er hrein sínus bylgja Pure Sin það sama og þú færð úr innstungum heima hjá þér, mótuð sínus Mod Sin bylgja er ódýrari leið til að framleiða 220v rafmagn frá DC spennu (12v/24v/48v).

Mótaða sínus bylgju er yfirleitt í lagi að nota á raftæki sem eru einföld og ekki viðkvæm, útvörp geta tildæmis suðað ef þau eru notuð á mótaðri sínus bylgju.

Mótuð sínus bylgja getur líka valdið því að raftæki hitna meira en eðlilegt er.

Sínus bylgjan fer betur með tækin og veldur ekki vandamálum.

Það borgar sig ekki alltaf að spara og kaupa ódýran spennubreytir (Inverter) sem framleiðir rafmagn í Mod Sin mótaðri sínus bylgju, það gæti orðið dýrara á endanum ef raftækin sem þú notar skemmast.

Hér getur þú séð hvernig munurinn er á bylgjunum sem sveiflast 50 sinnum á hverri sekúndu:

